

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 11. apríl 2023

Mál nr. E-823/2020:

Protabú Brotafls ehf.

(Ólafur Eiríksson lögmaður)

gegn

Sigurjóni G. Halldórssyni,

(Sigurður Sigurjónsson lögmaður)

Pórkötlun Ragnarsdóttur,

(Ingólfur Vignir Guðmundsson lögmaður)

og Ragnari Þórarinssyni

(Bjarni Hólmar Einarsson lögmaður)

Dómur

1. Mál þetta var höfðað 21. janúar 2020 og tekið til dóms 14. mars 2023. Stefnandi er protabú Brotafls ehf., Efstaleiti 5, Reykjavík, og stefndu eru Sigurjón G. Halldórsson, [...], Pórkatla Ragnarsdóttir, [...], og Ragnar Þórarinsson, [...].
2. Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndu verði aðallega dæmd in solidum til að greiða honum 303.463.880 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. nóvember 2015 til þingfestingardags en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara er þess krafist að:

- stefndi Sigurjón G. Halldórsson verði dæmdur til að greiða stefnanda 10.386.744 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu af 500.000 krónum frá 4. janúar 2013 til 26. apríl 2013, af 1.000.000 krónum frá 26. apríl 2013 til 3. maí 2013, af 1.700.000 krónum frá 3. maí 2013 til 24. júlí 2013, af 1.900.000 krónum frá 24. júlí 2013 til 26. júlí 2013, af 2.000.000 króna frá 26. júlí 2013 til 1. ágúst 2013, af 3.300.000 krónum frá 1. ágúst 2013 til 9. ágúst 2013, af 3.800.000 krónum frá 9. ágúst 2013 til 17. september 2013, af 3.900.200 krónum frá 17. september 2013 til 24. október 2013, af 4.000.400 krónum frá 24. október 2013 til 20. nóvember 2013, af 4.100.400 krónum frá 20. nóvember 2013 til 22. nóvember 2013, af 4.300.400 krónum frá 22. nóvember 2013 til 2. desember 2013, af 5.800.400 krónum frá 2. desember 2013 til 8. janúar 2014, af 5.900.400 krónum frá 8. janúar 2014 til 14. janúar 2014, af 6.020.400 krónum frá 14. janúar 2014 til 31. janúar 2014, af 7.520.400 krónum frá 31. janúar 2014 til 7. febrúar 2014, af 7.620.400 krónum frá 7. febrúar 2014 til 21. febrúar

2014, af 7.720.400 krónum frá 21. febrúar 2014 til 25. febrúar 2014, af 7.920.400 krónum frá 25. febrúar 2014 til 26. febrúar 2014, af 7.970.400 krónum frá 26. febrúar 2014 til 2. júlí 2014, af 8.070.400 krónum frá 2. júlí 2014 til 21. júlí 2014, af 8.586.744 krónum frá 21. júlí 2014 til 5. ágúst 2014, af 8.686.744 frá 5. ágúst 2014 til 31. júlí 2015, af 9.186.744 krónum frá 31. júlí 2015 til 23. október 2015, af 9.386.744 krónum frá 23. október 2015 til 14. desember 2015, af 9.886.744 krónum frá 14. desember 2015 til 21. desember 2015 og af stefnufjárhæð frá 21. desember 2015 til greiðsludags.

- stefnda Þórkatla Ragnarsdóttir verði dæmd til að greiða stefnanda 61.190.250 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu af 700.000 krónum frá 4. september 2012 til 5. september 2012, af 1.300.000 krónum frá 5. september 2012 til 12. september 2012, af 1.800.000 krónum frá 12. september 2012 til 13. september 2012, af 2.300.000 krónum frá 13. september 2012 til 14. september 2012, af 2.550.000 krónum frá 14. september 2012 til 19. september 2012, af 3.050.000 krónum frá 19. september 2012 til 21. september 2012, af 3.650.000 krónum frá 21. september 2012 til 2. október 2012, af 4.350.250 krónum frá 2. október 2012 til 3. október 2012, af 5.050.250 krónum frá 3. október 2012 til 4. október 2012, af 5.300.250 krónum frá 4. október 2012 til 10. október 2012, af 5.800.250 krónum frá 10. október 2012 til 12. október 2012, af 7.300.250 krónum frá 12. október 2012 til 15. október 2012, af 7.800.250 krónum frá til 19. október 2012, af 8.100.250 krónum frá 19. október 2012 til 31. október 2012, af 8.500.250 krónum frá 31. október 2012 til 2. nóvember 2012, af 9.200.250 krónum frá 2. nóvember 2012 til 9. nóvember 2012, af 9.700.250 krónum frá 9. nóvember 2012 til 16. nóvember 2012, af 10.000.250 krónum frá 16. nóvember 2012 til 21. nóvember 2012, af 10.400.250 krónum frá 21. nóvember 2012 til 4. desember 2012, af 10.700.250 krónum frá 4. desember 2012 til 5. desember 2012, af 11.200.250 krónum frá 5. desember 2012 til 7. desember 2012, af 12.200.250 krónum frá 7. desember 2012 til 13. desember 2012, af 12.400.250 krónum frá 13. desember 2012 til 14. desember 2012, af 12.700.250 krónum frá 14. desember 2012 til 21. desember 2012, af 13.600.250 krónum frá 21. desember 2012 til 28. desember 2012, af 13.950.250 krónum frá 28. desember 2012 til 8. janúar 2013, af 14.250.250 krónum frá 8. janúar 2013 til 11. janúar 2013, af 14.500.250 krónum frá 11. janúar 2013 til 7. janúar 2013, af 14.800.250 krónum frá 17. janúar 2013 til 25. janúar 2013, af 15.000.250 krónum frá 25. janúar 2013 til 1. febrúar 2013, af 16.000.250 krónum frá 1. febrúar 2013 til 4. febrúar 2013, af 17.000.250 krónum frá

4. febrúar 2013 til 8. febrúar 2013, af 17.150.250 krónum frá 8. febrúar 2013 til 15. febrúar 2013, af 17.350.250 krónum frá 15. febrúar 2013 til 21. febrúar 2013, af 17.650.250 krónum frá 21. febrúar 2013 til 27. febrúar 2013, af 17.850.250 krónum frá 27. febrúar 2013 til 1. mars 2013, af 19.050.250 krónum frá 1. mars 2013 til 8. mars 2013, af 20.250.250 krónum frá 8. mars 2013 til 11. mars 2013, af 20.500.250 krónum frá 11. mars 2013 til 13. mars 2013, af 21.000.250 krónum frá 13. mars 2013 til 15. mars 2013, af 21.300.250 krónum frá 15. mars 2013 til 20. mars 2013, af 21.600.250 krónum frá 20. mars 2013 til 21. mars 2013, af 21.800.250 krónum frá 21. mars 2013 til 27. mars 2013, af 22.800.250 krónum frá 7. mars 2013 til 5. apríl 2013, af 23.800.250 krónum frá 5. apríl 2013 til 8. apríl 2013, af 24.400.250 krónum frá 8. apríl 2013 til 12. apríl 2013, af 24.500.250 krónum frá 12. apríl 2013 til 17. apríl 2013, af 25.700.250 krónum frá 17. apríl 2013 til 8. maí 2013, af 25.950.250 krónum frá 8. maí 2013 til 17. maí 2013, af 26.600.250 krónum frá 17. maí 2013 til 24. maí 2013, af 27.310.250 krónum frá 24. maí 2013 til 31. maí 2013, af 28.810.250 krónum frá 31. maí 2013 til 5. júní 2013, af 29.060.250 krónum frá 5. júní 2013 til 6. júní 2013, af 29.560.250 krónum frá 6. júní 2013 til 14. júní 2013, af 30.160.250 krónum frá 14. júní 2013 til 18. júní 2013, af 30.360.250 krónum frá 18. júní 2013 til 21. júní 2013, af 30.860.250 krónum frá 21. júní 2013 til 28. júní 2013, af 31.460.250 krónum frá 28. júní 2013 til 2. júlí 2013, af 32.960.250 krónum frá 2. júlí 2013 til 5. júlí 2013, af 34.460.250 krónum frá 5. júlí 2013 til 11. júlí 2013, af 34.810.250 krónum frá 11. júlí 2013 til 22. júlí 2013, af 34.910.250 krónum frá 22. júlí 2013 til 23. júlí 2013, af 35.410.250 krónum frá 23. júlí 2013 til 26. júlí 2013, af 36.410.250 krónum frá 26. júlí 2013 til 31. júlí 2013, af 37.910.250 krónum frá 31. júlí 2013 til 2. ágúst 2013, af 38.210.250 krónum frá 2. ágúst 2013 til 13. ágúst 2013, af 38.410.250 krónum frá 13. ágúst 2013 til 27. ágúst 2013, af 38.910.250 krónum frá 27. ágúst 2013 til 28. ágúst 2013, af 39.910.250 krónum frá 28. ágúst 2013 til 30. ágúst 2013, af 40.310.250 krónum frá 30. ágúst 2013 til 24. september 2013, af 40.710.250 krónum frá 24. september 2013 til 17. október 2013, af 41.110.250 krónum frá 17. október 2013 til 24. október 2013, af 41.510.250 krónum frá 24. október 2013 til 5. nóvember 2013, af 42.710.250 krónum frá 5. nóvember 2013 til 6. nóvember 2013, af 42.860.250 krónum frá 6. nóvember 2013 til 11. nóvember 2013, af 43.110.250 krónum frá 11. nóvember 2013 til 15. nóvember 2013, af 43.210.250 krónum frá 15. nóvember 2013 til 28. nóvember 2013, af 43.410.250 krónum frá 28. nóvember 2013 til 4. desember 2013, af 43.810.250 krónum frá 4.

desember 2013 til 9. desember 2013, af 44.510.250 krónum frá 9. desember 2013 til 12. desember 2013, af 44.590.250 krónum frá 12. desember 2013 til 16. desember 2013, af 45.290.250 krónum frá 16. desember 2013 til 18. desember 2013, af 45.390.250 krónum frá 18. desember 2013 til 23. desember 2013, af 46.890.250 krónum frá 23. desember 2013 til 31. desember 2013, af 47.390.250 krónum frá 31. desember 2013 til 3. janúar 2014, af 48.190.250 krónum frá 3. janúar 2014 til 10. janúar 2014, af 49.690.250 krónum frá 10. janúar 2014 til 15. janúar 2014, af 50.090.250 krónum frá 15. janúar 2014 til 17. janúar 2014, af 50.190.250 krónum frá 17. janúar 2014 til 21. janúar 2014, af 50.440.250 krónum frá 21. janúar 2014 til 22. janúar 2014, af 50.790.250 krónum frá 22. janúar 2014 til 7. febrúar 2014, af 51.790.250 krónum frá 7. febrúar 2014 til 20. febrúar 2014, af 52.090.250 krónum frá 20. febrúar 2014 til 28. febrúar 2014, af 53.790.250 krónum frá 28. febrúar 2014 til 5. mars 2014, af 54.790.250 krónum frá 5. mars 2014 til 19. mars 2014, af 55.790.250 krónum frá 19. mars 2014 til 12. júní 2014, af 55.990.250 krónum frá 12. júní 2014 til 9. júlí 2014, af 56.190.250 krónum frá 9. júlí 2014 til 11. júlí 2014, af 56.490.250 krónum frá 11. júlí 2014 til 25. ágúst 2014, af 56.590.250 krónum frá 25. ágúst 2014 til 5. desember 2014, af 57.790.250 krónum frá 5. desember 2014 til 13. ágúst 2015, af 58.390.250 krónum frá 13. ágúst 2015 til 14. ágúst 2015, af 58.590.250 krónum frá 14. ágúst 2015 til 1. október 2015, af 59.840.250 krónum frá 1. október 2015 til 6. október 2015, af 60.840.250 krónum frá 6. október 2015 til 15. október 2015 og af stefnufjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

- stefndi Ragnar Þórarinnsson verði dæmdur til að greiða stefnanda 14.230.356 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu af 1.000.000 króna frá 2. september 2013 til 4. september 2013, af 1.198.000 krónum frá 4. september 2013 til 9. september 2013, af 2.198.000 krónum frá 9. september 2013 til 11. september 2013, af 2.268.000 krónum frá 11. september 2013 til 16. september 2013, af 2.318.000 krónum frá 16. september 2013 til 18. september 2013, af 2.567.356 krónum frá 18. september 2013 til 20. september 2013, af 2.717.356 krónum frá 20. september 2013 til 2. október 2013, af 4.217.356 krónum frá 2. október 2013 til 4. október 2013, af 5.417.356 krónum frá 4. október 2013 til 1. nóvember 2013, af 6.917.356 krónum frá 1. nóvember 2013 til 27. desember 2013, af 7.077.356 krónum frá 27. desember 2013 til 4. mars 2014, af 8.577.356 krónum frá 4. mars 2014 til 16.05.2014, af 8.777.356 krónum frá 16. maí 2014 til 21. júlí 2014, af 8.857.356 krónum frá 21. júlí 2014 til 23. júlí 2014, af 8.997.356 krónum frá 23. júlí 2014 til 24. júlí

2014, af 9.217.356 krónum frá 24. júlí 2014 til 29. júlí 2014, af 9.392.356 krónum frá 29. júlí 2014 til 30. júlí 2014, af 9.592.356 krónum frá 30. júlí 2014 til 11. ágúst 2014, af 9.692.356 krónum frá 11. ágúst 2014 til 12. ágúst 2014, af 9.792.356 krónum frá 12. ágúst 2014 til 28. ágúst 2014, af 9.892.356 krónum frá 28. ágúst 2014 til 31. júlí 2015, af 10.092.356 krónum frá 31. júlí 2015 til 10. ágúst 2015, af 10.192.356 krónum frá 10. ágúst 2015 til 24. ágúst 2015, af 10.267.356 krónum frá 24. ágúst 2015 til 3. október 2015, af 10.467.356 krónum frá 3. október 2015 til 10. október 2015, af 10.662.356 krónum frá 10. október 2015 til 23. október 2015, af 10.862.356 krónum frá 23. október 2015 til 29. október 2015, af 10.970.356 krónum frá 29. október 2015 til 20. nóvember 2015, af 12.970.356 krónum frá 20. nóvember 2015 til 23. desember 2015, af 14.030.356 krónum frá 23. desember 2015 til 31. desember 2015 og af stefnufjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Til þrautavara krefst stefnandi þess að stefndu hvert um sig verði dæmd til að greiða stefnanda skaðabætur að álitum að mati dómsins ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess jafnframt gagnvart stefndu Þórkötlunni að staðfest verði kyrrsetningargerð Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu nr. [...] sem fram fór 17. febrúar 2021 í fasteign stefndu að X.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu.

3. Stefndu kröfðust hvert um sig upphaflega frávísunar málsins en til vara sýknu og þrautavara verulegrar lækkunar krafna stefnanda. Hvert þeirra um sig krafðist í öllum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefnanda.
4. Með úrskurði uppkveðnum 28. september 2020 var hafnað kröfum stefndu um að málinu yrði vísað frá dómi.
5. Aðalmeðferð málsins sem ráðgert var að fram færi 18. febrúar 2021 var frestað af hálfu dómsins 15. febrúar 2021 með vísan til 3. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála á þeim grunni að fyrir lægi að þau atvik sem urðu tilefni málshöfðunar þessarar sættu rannsókn embættis héraðssaksóknara. Gefin var út ákæra 21. október 2021 og var dæmt í málinu í Héraðsdómi Reykjaness 13. febrúar 2023. Málflutningur þessa máls fór fram að þeim dómi gengnum.
6. Dómari tók við meðferð málsins 14. janúar 2021 en hafði fram að þeim tíma engin afskipti haft af meðferð þess.

Málsatvik

7. Brotafl ehf. var stofnað 1. nóvember 2007 og voru stefndu, Sigurjón og Ragnar, stofnendur félagsins. Stefnda Þórkatla er sambýliskona stefnda Sigurjóns. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum var Sigurjón skráður stjórnarmaður og Ragnar varamaður í stjórn félagsins á stofnfundi félagsins. Jafnframt fóru þeir báðir með prókúru félagsins og var stefndi Sigurjón framkvæmdastjóri þess. Stefndi Sigurjón sagði sig úr stjórn og sagði af sér sem framkvæmdastjóri 18. febrúar 2014. Eftir sem áður voru báðir stefndu, Sigurjón og Ragnar, með prókúruumboð fyrir félagið. Ekki var tilkynnt um breytingar á eignarhaldi hlutafjár félagsins. Rekstur Brotafls ehf. sem var nokkuð umfangsmikill um tíma fólst einkum í verktakavinnu í tengslum við byggingariðnað, véla- og tækjaleigu og þjónustu tengdri slíkum rekstri.
8. Skattrannsóknarstjóri tók til rannsóknar bókhald og virðisaukaskattsskil Brotafls ehf. 11. ágúst 2015 fyrir rekstrartímabilið janúar 2012 til og með desember 2015 vegna gruns um oftekinn innskatt og offærð rekstrargjöld félagsins sem og vegna staðgreiðsluskila. Niðurstaða skattrannsóknarstjóra varð sú að útgefnir reikningar félaganna Fiskiferða ehf., KK Byggs ehf., Starfsmanna ehf. og Leikinnar ehf. til Brotafls ehf. væru tilhæfulausir og að ekki yrði annað séð en að ekki lægi raunveruleg starfsemi á vegum þessara félaga til grundvallar reikningunum. Að auki kom fram að stefndu hefðu tekið tugi milljóna króna í reiðufé út af reikningum Brotafls ehf. Að lokinni rannsókn Skattrannsóknarstjóra var málinu vísað til embættis héraðssaksóknara með bréfi dagsettu 28. nóvember 2018 ásamt skýrslu varðandi Brotafl ehf. sem dagsett var 17. september 2018.
9. Í fyrirsvari fyrir nefnd félög, Fiskiferðir ehf., KK Bygg ehf., Starfsmenn ehf. og Leikna ehf., var Kristján Þórisson, en byggt er á því af hálfu stefnanda að Kristján og stefndi Sigurjón séu æskuvinir. Kristján annaðist útgáfu nefndra sölureikninga.
10. Héraðssaksóknari gaf út ákæru 21. október 2021 meðal annarra á hendur stefndu Sigurjóni og Þórkötlunni sem og Kristjáni Þórisssyni.
11. Stefndu, Sigurjóni og Þórkötlunni, sem raunverulegum framkvæmdastjórum Brotafls ehf. var meðal annars gefið að sök að hafa staðið skil á efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum félagsins uppgjörstímabilin september – október rekstrarárið 2012 til og með nóvember – desember rekstrarárið 2015, með því að hafa offramtalið innskatt á grundvelli rangra og tilhæfulausra sölureikninga sem gefnir hefðu verið út af Fiskiferðum ehf., KK Byggi ehf., Starfsmönnum ehf. og Leikinni ehf., og þar með vanframtalið

virðisaukaskatt sem standa bar skil á vegna sömu tímabila, í samræmi við fyrirmæli IX. kafla laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Með framangreindu hafi innskattur félagsins verið offramtalinn um samtals 64.036.383 krónur og virðisaukaskattur félagsins þar með vangreiddur um sömu fjárhæð. Jafnframt var þeim gefið að sök að hafa rangfært bókhald félagsins með því að færa, eða láta færa, ranga og tilhæfulausa sölureikninga í bókhald þess á tímabilinu september – október rekstrarárið 2012 til og með nóvember – desember rekstrarárið 2015. Hinir rangfærðu sölureikningar hefðu leitt til þess að rekstrargjöld félagsins hafi verið offærð á framangreindu tímabili um samtals 258.133.722 krónur og innskattur félagsins offramtalinn um samtals 64.036.383 krónur á sama tímabili. Þeim var jafnframt gefið peningaþvætti að sök en þeim ákærulið var vísað frá dómi. Ætluð brot stefndu voru talin varða við 1. og 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem og ákvæði 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og 2. tölulið 1. mgr. 37. gr., sbr. 36. gr., laga nr. 145/1994 um bókhald.

12. Kristjáni Þórisssyni var meðal annars gefið að sök sem framkvæmdastjóra Starfsmanna ehf., og sem daglegum stjórnanda Fiskiferða ehf., KK Byggs ehf., og Leikinnar ehf., að hafa aðstoðað stefndu Sigurjón og Þórkötlu við framangreind brot samkvæmt ákæru, með útgáfu ranga og tilhæfulausra sölureikninga í nafni ofangreindra félaga á tímabilinu september – október rekstrarárið 2012 til og með nóvember – desember rekstrarárið 2015. Stefndu Sigurjón og Þórkötla voru síðan talin hafa stuðlað að því að sölu-reikningarnir yrðu lagðir til grundvallar í bókhaldi og við skattskil Brotafls ehf. sem hefði leitt til þess að virðisaukaskattur félagsins var vanframtalinn um alls 64.036.383 krónur á ofangreindu tímabili. Ætluð brot Kristjáns voru meðal annars talin varða við 1. og 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 6. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og 3. tölulið 1. mgr., sbr. 2. mgr., 37. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald.
13. Héraðsdómur Reykjaness dæmdi í máli nr. S-2112/2021 13. febrúar 2023. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að stefndu Sigurjón og Þórkötla hefðu sinnt raunverulegri framkvæmdastjórn Brotafls ehf., eins og komist var að orði. Engin gögn hefðu komið fram sem styddu það að þau verk sem tilgreind væru á reikningum hefði verið unnin af framan-greindum félögum og að ákærvaldið hefði fært sannfærandi rök fyrir því að vinnan að baki reikningunum hefði ekki verið unnin af starfsmönnum félaga á vegum Kristjáns. Með vísan til gagna málsins, framburða vitna við rannsókn þess og þess sem hefði komið fram fyrir dóminum væri ekkert sem gæfi til kynna að ákærði Kristján hefði verið með fjölmarga starfsmenn á sínum vegum sem hefðu unnið þau verk sem tilgreind væru á

framangreindum reikningum. Rakið var að greiðslur sölureikninga, hvort sem væri með millifærslum inn á bankareikninga eða öðrum hætti, hefðu verið rannsakaðar og ráðstöfun þeirra fjármuna, en sjá mætti að greiðslur hefðu verið teknar út í kjölfarið í reiðufé. Taldi dómurinn ótrúverðugt að það samræmdist almennum viðskiptaháttum í fyrirtækjarekstri að svo háar fjárhæðir hefðu verið inntar af hendi raunverulega án þess að kvittað væri fyrir greiðslu. Taldi dómurinn jafnframt fjarstæðukennt að stefndu hefðu í mörg ár leitað til Kristjáns um undirverktöku eins og þau byggðu á en hann hefði verið í óreglu og ekkert haldið utan um starfsmenn sína né vitað hvar þeir væru eða ráðið við að stjórna þeim. Kristján bar upphaflega á sama máta en breyttur framburður hans, sem hann gaf síðar varðandi það að reikningarnir hefðu verið rangir og tilhæfulausir, var að mati dómsins í samræmi við þau gögn sem lágu fyrir í sakamálinu svo og framburð vitna. Sá framburður var að því leyti metinn trúverðugur og var lagður til grundvallar við niðurstöðu sakamálsins. Að öllu gættu var talið hafið yfir skynsamlegan vafa að stefndu hefðu gerst sek um þá háttsemi sem tilgreind var í ákæru, þar á meðal hafi þeim mátt vera ljóst að bókhald og skattskil Brotafls ehf. hefði ekki verið í réttu horfi. Voru stefndu Sigurjón og Þórkátla því sakfelld og taldist háttsemi þeirra réttilega heimfærð til refsíakvæða. Vitnið Kristján var sakfelldur fyrir sinn þátt í brotunum.

14. Brotafl ehf. var úrskurðað gjaldþrota með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 9. nóvember 2017 og er efnt til þessarar málsóknar af skiptastjóra þrotabúsins, einkum á grundvelli niðurstöðu rannsóknar skattrannsóknarstjóra 21. janúar 2020.
15. Af hálfu þrotabúsins var krafist kyrrsetningar í eignum stefndu Þórkötlu til tryggingar greiðslu dómkrafna málsins 16. febrúar 2021. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu kyrrsetti fasteign hennar að X til tryggingar kröfu að fjárhæð 368.108.181 króna með kyrrsetningargerð sem framkvæmd var 17. febrúar 2021. Mál til staðfestingar kyrrsetningargerðinni var höfðað í kjölfarið með útgáfu réttarstefnu 23. febrúar 2021. Staðfestingarmálið var sameinað máli þessu 9. september 2021.

Málsástæður stefnanda

16. Með málshöfðun þessari leitast stefnandi við að endurheimta fjármuni sem greiddir voru að sögn stefndu til framangreindra félaga á grundvelli tilhæfulausra reikninga eins og ljóst sé með hliðsjón af rannsóknargögnum skattrannsóknarstjóra og héraðssaksóknara og niðurstöðu Héraðsdóms Reykjaness. Stefnandi byggir á því að hann hafi orðið fyrir tjóni sem nemi rúmum þrjú hundruð milljónum króna.

17. Stefnandi telji gögnin sýna að stjórnendur Brotafls ehf., stefndu Sigurjón, Ragnar og Þórkatla, hafi tekið þá ákvörðun með Kristjáni Þórisssyni að gefa út tilhæfulausa reikninga og láta Brotafl ehf. greiða þá, þeim til hagsbóta.
18. Ljóst sé að Brotafl ehf. var í umfangsmikilli starfsemi sem hafi vaxið ár frá ári. Stefnandi telji gögn málsins sýna að stjórnendur Brotafls ehf. hafi fengið til liðs við sig æskuvin Sigurjóns, Kristján, og fengið hann til þess að nýta sér einkahlutafélag í eigu veiks föður síns, Þóris, til að gefa út tilhæfulausa reikninga, reikninga vegna þjónustu og vinnu sem aldrei var veitt. Tilgangurinn með slíku hafi verið sá að jafnaði að fá endurgreiddan innskatt frá ríkinu, innskatt vegna vinnu og þjónustu sem aldrei hafi verið innt af hendi, auk þess að taka fjármuni einkahlutafélags og nýta þá í persónulega þágu stjórnenda þess. Síðar hafi önnur félög tengd Kristjáni verið notuð í sama tilgangi, til að fá endurgreiddan innskatt frá ríkinu og til persónulegra afnota stjórnenda Brotafls ehf. á fjármunum félagsins.
19. Stefnandi byggir á því að framgangna þessi hafi valdið Brotafli ehf. tjóni sem nemi þeirri fjárhæð sem stefndu hafi dregið út úr rekstri Brotafls ehf. með ólögætum hætti. Stefnandi hefði ella getað nýtt umrætt fé til að greiða sannanlegar skuldir og í rekstur félagsins. Beri stefndu þannig skaðabótaábyrgð á því tjóni sem stefnandi varð fyrir vegna þessara ráðstafana. Sú ábyrgð byggir á almennum reglum skaðabótaréttar og reglum um ábyrgð stjórnenda og hluthafa sem fram koma í lögum um einkahlutafélög. Stefndu beri því öllum að greiða skaðabætur in solidum vegna alls tjóns Brotafls ehf.
20. Varakrafa stefnanda tekur mið af því að stefndu hafi fengið ólögmet lán frá Brotafli ehf. að þeirri fjárhæð sem ljóst sé að hvert og eitt af stefndu hafi tekið persónulega út af bankareikningi Brotafls ehf. án þess að nokkur sönnun liggi fyrir um að ráðstöfun fjármunanna samkvæmt bókhaldi félagsins sé rétt. Stefnandi byggir þannig á því að þótt stefndu sjálf hafi sagt umræddar úttektir vera vegna útgefina reikninga þriðja aðila gefi ekkert til kynna að umræddum fjármunum hafi verið ráðstafað til greiðslu þeirra.
21. Krafa stefnanda til þrautavara felur í sér skaðbætur að álitum telji dómurinn að rétt sé að meta tjón stefnanda sjálfstætt.
22. Nánar um fjárkröfu stefnanda er á því byggt að reikningar sem gefnir hafi verið út af Fiskiferðum ehf., KK Byggi ehf., Starfsmönnum ehf. og Leikinni ehf. séu tilhæfulausir og hefðu ekki átt rétt á sér. Af þeim sökum hefði aldrei átt að gefa reikningana út og enn síður að greiða þá. Byggt er á því af hálfu stefnanda að umræddir sölureikningar uppfylli ekki formskilyrði reglugerðar nr. 50/1993 um bókhald og tekjuskráningu

virðisaukaskattskyldra aðila, ekkert frekar en reikningar annarra félaga Kristjáns Þórissonar.

23. Útgefnir sölureikningar félagsins Fiskiferðir ehf. á tímabilinu október 2012 til og með desember 2013 hafi verið 17 samtals að fjárhæð 63.983.449 krónur. Þeir voru flestir sagðir vera vegna flutnings á tækjum, efni, vélum, jarðvinnslu og fleira, auk þess sem nokkrir voru sagðir vera vegna vinnu. Samkvæmt upplýsingum úr upplýsingakerfi skatt-yfirvalda var ekki gerð grein fyrir neinni virðisaukaskattsskyldri veltu félagsins á virðisaukaskattsskýrslum vegna rekstraráranna 2012 og 2013. Þá hafi enginn verið á launaskrá hjá félaginu á árinu 2012 en á árinu 2013 hafi faðir Kristján Þórissonar verið á launaskrá en engin laun talin fram. Einkahlutafélagið átti engin tæki, bifreiðar eða annað slíkt sem hefði getað verið grundvöllur þeirrar þjónustu sem félagið átti að hafa veitt. Samtals námu reiðufjárúttektir stefndu Þórkötlum, stefnda Sigurjóns og stefnda Ragnars af bankareikningum Brotafls ehf., sem bókaðar voru sem greiðslur til Fiskiferða ehf., 60.268.006 krónum. Fyrir liggur viðurkenning Kristjáns á að sölureikningar Fiskiferða ehf. til Brotafls ehf. væru byggðir á ákvörðun stefndu Þórkötlum og hefði hún ákveðið fjárhæð þeirra. Kristján viðurkenndi þannig að umræddir sölureikningar hefðu verið tilhæfulausir með öllu og að hann hefði ekki móttengið þá fjármuni sem teknir voru út af reikningi stefnanda.
24. Félagið KK Bygg ehf. var stofnað af Kristjáni og stefnda Sigurjóni 15. september 2013 og gaf það út 15 reikninga á hendur Brotafli ehf. frá desember 2013 til og með febrúar 2015, samtals að fjárhæð 141.156.017 krónur. Fyrir liggir samkvæmt rannsókn skatt-rannsóknarstjóra að ekkert bókhald hafi verið fært fyrir félagið og ekki gerð grein fyrir neinni virðisaukaskattsskyldri veltu félagsins á virðisaukaskattsskýrslum vegna rekstraráranna 2013, 2014 og 2015. Engir launamenn hafi verið á skrá hjá félaginu á árinu 2013 en Kristján hafi verið eini aðilinn á launaskrá á árinu 2015 en að auki hafi verið uppgæfin laun á annan launamann í febrúar 2015. Fram komi á umræddum reikningum að þeir hafi flestir verið vegna smíðavinnu, niðurrifs, verktakavinnu, jarðvinnu og flutnings á efni. Þrátt fyrir það hafi nær engir starfsmenn verið hjá félaginu og engin virðisaukaskattsskyld starfsemi og því að mati stefnanda ómögulegt að félagið hefði getað innt af hendi þá þjónustu sem greitt hafi verið fyrir. Samkvæmt bókhaldi Brotafls ehf. hafi verið bókaðar greiðslur á móti þessum sölureikningum að fjárhæð 128.283.901 króna. Greiðslurnar hafi að mestu leyti verið millifærðar af bankareikningi Brotafls ehf. á bankareikning KK Byggs ehf., eða samtals 109.124.357 krónur, en að auki hafi

- 11.604.144 krónur verið greiddar án þess að gerð hafi verið grein fyrir þeim millifærslum í bókhaldi Brotafls ehf. Af þeim 120.758.501 krónu sem millifærðar voru frá Brotafli ehf. á bankareikning KK Byggs ehf. voru 116.380.500 krónur teknar út í reiðufé samdægurs af Kristjáni.
25. Reiðufjárúttektir stefndu Þórkötlum sem bókaðar voru í bókhaldi Brotafls ehf. sem greiðslur til KK Byggs ehf. námu 10.400.000 krónum. Reiðufjárúttektir stefnda Sigurjóns sem bókaðar voru sem greiðslur til KK Byggs ehf. námu samkvæmt bókhaldinu 2.886.344 krónum. Reiðufjárúttektir stefnda Ragnars sem bókaðar voru sem greiðslur námu samkvæmt bókhaldinu 2.815.000 krónum. Samtals námu þannig þessar reiðufjárúttektir stefndu Þórkötlum, Sigurjóns og Ragnars 16.101.344 krónum.
26. Samkvæmt skýrslutöku yfir Kristjáni hjá skattransóknarstjóra 18. janúar 2018 hafi fyrirkomulagið verið með þeim hætti að stefnda Þórkátla hefði haft samband við hann og þau svo hist hjá stefndu þar sem Kristján hefði skrifað niður tölur og fjárhæð reikninga samkvæmt fyrirskipunum stefndu. Í kjölfarið hafi Kristján útbúið sölureikninga fyrir félagið sem hann síðan afhenti henni. Sölureikningarnir hafi síðan ýmist verið greiddir með millifærslum á bankareikning KK Byggs ehf. eða með úttektum í reiðufé af stefndu. Þær greiðslur sem millifærðar hefðu verið á KK Bygg ehf. hefði Kristján tekið út í reiðufé og afhent stefndu Þórkötlum á ný. Viðurkenndi Kristján þannig að umræddir reikningar hefðu verið tilhæfulausir með öllu og að hann hefði afhent stefndu Þórkötlum þannig 116.380.500 krónur.
27. Félagið Starfsmenn ehf. hafi verið stofnað af Kristjáni sem hafi verið skráður framkvæmdastjóri með prókúru fyrir félagið. Samkvæmt rannsókn skattransóknarstjóra hafi ekkert bókhald verið fært í félaginu frá því það var stofnað og þangað til það var úrskurðað að gjaldþrota. Kristján hafi verið á launaskrá félagsins frá mars 2015 til ágúst sama árs og þegar mest lét hafi þrír aðrir starfsmenn verið skráðir á launaskrána í maí og júní 2015. Annars hafi verið á bilinu einn til tveir aðrir starfsmenn skráðir frá mars 2015 til ágúst 2015. Sex sölureikningar hafi verið gefnir út af Starfsmönnum ehf. til Brotafls ehf. á tímabilinu mars 2015 til og með ágúst 2015 að fjárhæð 95.070.500 krónur.
28. Samkvæmt bókhaldi Brotafls ehf. hafi verið bókaðar greiðslur að fjárhæð 96.509.023 krónur á móti þessum sölureikningum. Þar af voru 92.960.000 krónur millifærðar á bankareikning Starfsmanna ehf. og 3.382.500 krónur millifærðar á persónulegan bankareikning Kristjáns. Samkvæmt rannsókn skattransóknarstjóra tók Kristján út

79.567.000 krónur í reiðufé af bankareikningi Starfsmanna ehf. Á umræddum sölu-reikningum sé eingöngu mjög almennur texti, til dæmis *ýmis véla og verkatakavinna, jarðvegsvinna og málningarvinna*, auk þess sem stundum séu nefndir staðir sem unnið hafi verið á. Reikningunum fylgdu hvorki tímaskýrslur né hafi einingaverð verið sundur-liðað eða tilgreint. Engir samningar hafi fundist í gögnum Brotafls ehf. sem liggi þessari vinnu til grundvallar og stefndi Ragnar sem þó hafi verið stjórnandi á verkstað gat ekki greint frá tilefni þessara reikninga í skýrslutökum hjá skattrannsóknarstjóra. Kristján Þórisson bar um að fyrirkomulagið við útgáfu þessara reikninga hafi verið það sama og í tilfelli KK Byggs ehf. Hann hefði útbúið reikningana samkvæmt fyrirsögn stefndu Þórkötu. Þær greiðslur sem millifærðar hafi verið á Starfsmenn ehf. hefði Kristján svo tekið út í reiðufé og afhent stefndu Þórkötu á ný, samtals 79.567.000 krónur. Viður-kenndi Kristján þannig að umræddir reikningar hefðu verið tilhæfulausir með öllu.

29. Félagið Leikin ehf. hafi verið stofnað 23. febrúar 2013. Hendrik Björn Hermannsson hafi verið skráður sem stjórnarmaður og haft prókúru fyrir félagið. Samkvæmt skýrslutöku skattrannsóknarstjóra yfir Kristjáni 25. janúar 2018 hafi komið fram að Kristján hefði fengið prókúru á bankareikning félagsins og verið með fullt og ótakmarkað umboð til úttektar af þeim bankareikningi 2. desember 2015. Kristján hafi í reynd tekið yfir félagið án þess að breytingar á stjórn eða prókúru félagsins hefðu verið tilkynntar til fyrirtækjaskrár. Líkt og í fyrrgreindum félögum var hvorki bókhald fært fyrir Leikna ehf. né skilað virðisaukaskattskýrslum vegna þeirra uppgjörstímabila sem sölureikningar félagsins á hendur Brotafli ehf. voru gefnir út á. Þá hafi engir starfsmenn verið á launaskrá í september, október og nóvember 2015 þegar þrjár sölureikningar voru gefnir út sem stílaðir hafi verið á Brotafl ehf. Fjárhæð sölureikninganna nam 40.357.000 krónum.

30. Samkvæmt bókhaldi Brotafls ehf. voru bókaðar greiðslur til Leikinnar ehf. á grundvelli þessara sölureikninga að fjárhæð 26.308.000 krónur. Þær voru samkvæmt bókhaldi Brotafls ehf. ýmist greiddar með millifærslu á bankareikning Leikinnar ehf. eða með reiðufjárúttektum stefndu Þórkötu, Sigurjóns eða Ragnars; stefndu Þórkötu að fjárhæð 3.400.000 krónur, stefnda Sigurjóns 1.700.000 krónur og stefnda Ragnars 4.338.000 krónur. Reiðufjárúttektirnar voru allar bókaðar sem greiðslur til Leikinnar ehf. þrátt fyrir að úttektirnar hafi átt sér stað áður en reikningarnir höfðu verið gefnir út. Kristján bar um hjá skattrannsóknarstjóra að tilgangurinn með þessu hefði verið sá sami og varðandi hin félögin, að gefa út sölureikninga og taka út peninga sem síðan hafi verið afhentir

stefndu Þórkötlum. Viðurkenndi Kristján þannig að umræddir reikningar hefðu verið tilhæfulausir með öllu. Stefnandi byggir þannig á því að útgefnir reikningar Leikinnar ehf. hafi verið með öllu tilhæfulausir í samræmi við niðurstöðu skattranssóknarstjóra og gerðir í þeim tilgangi að nýta sem rekstrargjöld og sem innskatt til frádráttar útskatti Brotafis ehf.

31. Á grundvelli framangreinds byggir stefnandi á því að framangreindir reikningar hafi verið gefnir út til þessara fjögurra félaga í tvenns konar tilgangi. Annars vegar til þess að búa til innskattsveltu sem síðar hafi verið innheimt úr ríkissjóði, samtals vegna hinna tilhæfulausu sölureikninga hafi hún numið 67.639.912 krónum á árunum 2012 til og með 2015. Hins vegar hafi reikningarnir verið gefnir út til að koma undan fjármunum úr rekstri Brotafis ehf. í hendur stefndu. Samtals námu greiðslur út af reikningi félagsins, með millifærslum eða úttektum reiðufjár, sem tengja má við framangreind félög, 303.463.880 krónum og er það stefnufjárhæð í aðalkröfu. Sú fjárhæð samanstendur af greiðslum að fjárhæð 60.918.356 krónur sem bókuð hafi verið vegna Fiskiferða ehf., 120.728.501 króna vegna KK Byggs ehf., 95.509.023 krónur vegna Starfsmanna ehf. og 26.308.000 krónur vegna Leikinnar ehf.
32. Sé vikið að þætti hvers stefndu fyrir sig er fyrst að nefna að þótt stefndi Sigurjón segði sig úr stjórn og sem framkvæmdastjóri Brotafis ehf. 18. febrúar 2014 bar hann fulla ábyrgð sem stjórnarmaður og framkvæmdastjóri fram á því. Samkvæmt skýrslutökum yfir stefndu Sigurjóni og Ragnari verður þó ekki annað séð en að stefndi Sigurjón hafi í reynd stýrt Brotafli ehf. eftir framangreinda úrsögn þrátt fyrir að gegna ekki formlegri stöðu í félaginu. Að mati stefnanda blasi við að framangreind úrsögn hafi eingöngu verið til málamynda í þeim tilgangi að dylja hver færi í reynd með yfirráð og stjórn félagsins. Stefndi Sigurjón hafi þannig í reynd verið aðalstjórnandi Brotafis ehf., ásamt sambýliskonu sinni, Þórkötlum, og þau annast ákvarðanatökur varðandi fjármál fyrirtækisins. Hann hafi viðurkennt í skýrslutökum að hafa gefið fyrirmæli og tekið þátt í ákvörðun um að senda út reikninga sem stefnandi telur tilhæfulausa. Stefndi var helmingsseigandi Brotafis ehf. á móti stefnda Ragnari og ber skaðabótaábyrgð sem slíkur.
33. Staða stefndu Þórkötlum innan félagsins hafi verið þannig í reynd að hún starfaði sem fjármálastjóri félagsins þrátt fyrir að vera ekki á launaskrá eða vera formlegur starfsmaður. Þórkátla var með prókúru á bankareikning Brotafis ehf. ásamt því sem hún tók við sölureikningum, greiddi þá og hélt utan um fjármál félagsins. Stefnda Þórkátla hefur viðurkennt að hafa séð um að skrifa út reikninga fyrir Brotafli ehf. og séð um innheimtu

þeirra, veitt aðstoð við tilboðsgerð og ýmis tilfallandi störf ásamt bókhaldsvinnu. Þá fór hún ítrekað í banka og tók út reiðufé sem síðan var bókað í bókhald félagsins sem greiðsla á tilhæfulausum reikningum. Hlutverk Þórkötlu hafi verið nauðsynlegt enda hafi hún stjórnað fjármálum félagsins og séð um greiðslu reikninga, hvort sem var með reiðufé eða millifærslu fjármuna. Eru skýrslur hennar og annarra stefndu hjá héraðssaksóknara og skattrannsóknarstjóra skýrar um það. Stefnda Þórkátla er sambýliskona stefnda Sigurjóns.

34. Stefnandi Ragnar var stjórnarmaður í félaginu og bar skyldur og ábyrgð sem slíkur. Hann hafi viðurkennt að hafa vitað af greiðslum reikninga sem hann taldi of háa, auk þess sem hann hafi tekið út reiðufé af reikningum félagsins án þess að geta gert grein fyrir ráðstöfun þeirra. Ragnar hafði ákveðið eftirlitshlutverk og skyldur sem stjórnarmaður og eigandi sem hann sinnti ekki. Ragnar var helmingsseigandi Brotafls ehf. á móti stefnda Sigurjóni og ber skaðabótaábyrgð sem slíkur. Gagnvart stefnda Sigurjóni og stefnda Ragnari byggja stefnandi skaðabótakröfu sína á 1. og 2. mgr. 108. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Þar segi meðal annars að stofnendur, stjórnarmenn og framkvæmdastjórar séu skyldir að bæta félagi það tjón er þeir hafi valdið því í störfum sínum hvort sem sé af ásetningi eða gáleysi. Gagnvart stefndu Þórkötlu byggja stefnandi á almennum reglum skaðabótaréttar. Þátttaka hennar í framangreindri útgáfu tilhæfulausra reikninga, greiðslu reikninga og ólögmætri úttekt reiðufjár hafi verið ólögmæt og nauðsynlegur þáttur í hinum bótaskylda verknaði. Telur stefnandi að þátttaka hennar hafi valdið stefnanda skaðabótaskyldu tjóni.
35. Stefnandi byggja á því að stefndu hafi með háttsemi sinni öll átt þátt í því að stefnandi hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, að aðkoma þeirra allra hafi að einhverju marki verið nauðsynleg og hafi þessi framkvæmd átt sér stað með vitneskju þeirra. Augljóst sé að mati stefnanda að stefndu öll höfðu vitneskju um útgáfu hinna tilhæfulausu reikninga og greiðslur þeirra. Það fyrirkomulag sem nýtt var hafi í reynd verið þaulskipulagt og að ásetningur hafi verið til blekkinga, ekki eingöngu gagnvart skattyfirvöldum heldur einnig til þess að taka fjármuni úr rekstri Brotafls ehf. í andstöðu við heimildir laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög um úttektir úr slíkum félögum. Einsýnt sé að þessi háttsemi hafi valdið stefnanda tjóni. Ekkert liggja fyrir um hvað hafi orðið um þá fjármuni sem stefndu tóku út í reiðufé af reikningum Brotafls ehf., auk þess sem ekkert sé vitað hvað hafi orðið um það fé sem Kristján afhenti stefndu Þórkötlu aftur eftir að hann hafði tekið fjármunina út í reiðufé. Augljóst sé að mati stefnanda að hefðu þeir fjármunir verið til reiðu í Brotafli

ehf. hefði ekki komið til þess að félagið hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta með tilheyrandi tjóni fyrir kröfuhafa, en stefnandi sé eignalaus og engar eignir séu til skipta fyrir kröfuhafa. Stefnandi telur því vera orsakatengsl á milli hinnar ólögmætu háttsemi stefndu og tjóns síns.

36. Gagnvart stefnda Sigurjóni og stefnda Ragnari byggji stefnandi skaðabótakröfu sína á 1. og 2. mgr. 108. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Þar sé meðal annars kveðið á um að stofnendur, stjórnarmenn og framkvæmdastjórar séu skyldir til að bæta félaginu það tjón er þeir hafa valdið því í störfum sínum af ásetningi eða gáleysi. Skaðabótakrafa stefnanda gagnvart þeim sé einnig byggð á meginreglum skaðabótaréttarins sem einnig er byggt á gagnvart stefndu Þórkötlu þar sem þátttaka hennar í framangreindri útgáfu tilhæfulausra reikninga, greiðslu þeirra og úttekt reiðufjár hafi verið ólögmæt og nauðsynlegur þáttur í hinni bótaskyldu háttsemi.

Um varakröfu

37. Verði ekki fallist á að stefndu hafi valdið stefnanda skaðabótaskyldu tjóni með greiðslu tilhæfulausra reikninga byggji stefnandi á því að stefndu hafi fengið ólögleg lán frá stefnanda sem beri að endurgreiða með dráttarvöxtum samkvæmt 79. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði sé ekki heimilt að veita hluthöfum eða stjórnarmönnum lán. Allar úthlutanir fjármuna til eigenda, stjórnenda og nátengdra aðila, þar með talið þeirra sem eru í óvígðri sambúð, eru þannig ólögmætar og falla undir 79. gr. laga nr. 138/1994 nema úthlutunin sé á grundvelli heimilda í lögum um einkahlutafélög. Leiki vafi á um grundvöll fjáruthlutunar til tengdra aðila beri að skýra það svo að úthlutunin teljist lán í skilningi 79. gr. Það sé viðtakandi lánsins sem beri sönnunarbyrðina fyrir því að úthlutun fjármuna til hans sé lögmæt og gera verði mjög strangar kröfur til þess að úthlutun fjármuna til stjórnenda, hluthafa og tengdra aðila sé forsvaranleg og að fullnægjandi gögn liggi fyrir um heimild til fjáruthlutunarinnar, sbr. 8. mgr. 79. gr. Samtals hafi reiðufjargreiðslur til stefndu verið að fjárhæð 85.807.350 krónur á árunum 2012–2015.
38. Stefndi Sigurjón hafi tekið út samtals 10.386.744 krónur í reiðufé af reikningum Brotafls ehf. á tímabilinu 4. janúar 2013 til 14. desember 2015 en allar þær úttektir hafi verið bókaðar sem greiðslur til ýmist Fiskiferða ehf., KK Byggs ehf. eða Leikinnar ehf. Stefnda Þórkatla hafi tekið út samtals 61.190.250 krónur í reiðufé og þær úttektir verið bókaðar með sama hætti sem greiðslur til framangreindra fyrirtækja. Stefndi Ragnar hafi síðan tekið út 14.230.356 krónur í reiðufé og þær úttektir verið bókaðar með sama hætti.

39. Stefnu hafi ekki sýnt fram á að gagnjald hafi komið til baka frá þeim og benda öll gögn málsins til hins gagnstæða. Við þær aðstæður verði að leggja til grundvallar að þessar greiðslur hafi verið lán Brotafls ehf. til þeirra. Engir samningar hafi verið gerðir milli aðila um lánveitingarnar. Lánin teljist ekki til venjulegra viðskiptalána, enda engar viðskiptalegar forsendur fyrir þeim og ekkert eiginlegt viðskiptasamband milli stefnanda og stefndu. Þessi lán hafi ekki verið stefnanda til framdráttar og hafði hann engan hag af þeim. Þá hafi engar tryggingar verið til staðar fyrir endurgreiðslu. Ekki sé að sjá að lánin hafi borið vexti eða annan kostnað fyrir stefndu, auk þess sem lánin voru aldrei hluti af venjulegri starfsemi stefnanda. Forsendur lánsins hafi þannig ekki verið viðskiptalegar og hagsmunir stefnanda ekki ráðið för heldur hagsmunir stefndu.
40. Umræddar úttektir hafi verið færðar í bókhaldi félagsins af stefndu sem greiðslur vegna útgefna sölureikninga. Því sé alfarið mótmælt enda ekkert sem gefi til kynna að umrædd félög hafi fengið þá fjármuni sem stefndu tóku út af bankareikningi stefnanda. Fjárhæðir úttekta af bankareikningunum hafi til að mynda verið fjarri því að vera sömu fjárhæðir og útgefnir reikningar. Einnig megi nefna að fyrirsvarsmaður félaganna, Kristján Þórisson, þvertækur fyrir að hafa fengið umræddar greiðslur. Sönnunarbyrðin hvíli því alfarið á stefndu.
41. Verði ekki fallist á að umrædda fjármuni beri að endurgreiða á grundvelli 79. gr. laga um einkahlutafélög styðjist endurgreiðslukrafa stefnanda til vara við meginreglu kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga ásamt dráttarvöxtum með vísan til 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Til þrautavara byggir fjárkrafa stefnanda varðandi þennan lið á því að stefnandi hafi orðið fyrir skaðabótaskyldu tjóni vegna úttekta stefndu á grundvelli sömu lagaraka og aðalkrafa.

Um þrautavarakröfu

42. Stefnandi krefjist þess að stefndu verði dæmd til þess að greiða skaðabætur að álitum að mati réttarins. Sú krafa sé byggð á sömu málsástæðum og aðal- og varakrafa að breyttu breytanda og sett fram telji rétturinn að ekki sé rétt að taka til greina aðal- eða varakröfu stefnanda að fullu en meta beri tjón hans að álitum. Vísað sé að öðru leyti til málsástæðna fyrir aðal- og varakröfum.

Málsástæður af hálfu stefndu Þórkötu

43. Því sé mótmælt af hálfu stefndu að útgefnir sölureikningar sem fyrirtækin Fiskiferðir ehf., KK Bygg ehf., Starfsmenn ehf. og Leikin ehf. hafi gefið út á Brotafl ehf. vegna útseldrar þjónustu hafi ekki fullnægt áskilnaði 4. gr. reglugerðar nr. 50/1993 um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila. Stefnda vísi til þess að í 4. tölulið 4. gr. reglugerðarinnar sé kveðið á um hvaða upplýsingar skuli færa inn á sölureikning. Þar segi: *Magn, einingarverð og heildarverð eftir því sem við verður komið.*
44. Stefnda bendi á að í skýrslu skattrannsóknarstjóra sé engin umfjöllun né niðurstaða um hvort Brotafl hafi ofgjaldfært rekstrargjöld á grundvelli reikninga frá félögunum Fiskiferðir ehf., KK Bygg ehf., Starfsmenn ehf. og Leikin ehf. Hvergi í niðurstöðu skattrannsóknarstjóra sé vikið að því að rekstrargjöld Brotafls ehf. hafi verið ofgjaldfærð á grundvelli útgefinna reikninga frá Fiskiferðum ehf., KK Byggi ehf., Starfsmönnum ehf. og Leikinni ehf. Ekki verði annað ráðið af skýrslu skattrannsóknarstjóra en að vinna að baki umræddum reikningum hafi verið nýtt í þágu rekstrar Brotafls ehf. Í skýrslunni sé eftirfarandi tekið fram: *Því er til að svara að ekki er efast um að sú vinna sem unnin hafi verið af hálfu skattaðila hafi verið innt af hendi.* Það styðji við að rekstrargjöld hafi ekki verið ofgjaldfærð í bókhaldi Brotafls ehf.
45. Engin úttekt eða skoðun hafi farið fram af hálfu stefnanda á rekstri Brotafls ehf. Hann gerir enga grein fyrir umsvifum né rekstri Brotafls ehf. eða geri tilraun til að greina afkomu Brotafls og raunkostnað vegna verka sem félagið hafi tekið að sér. Þannig liggi ekki fyrir í málinu mat á því hver hafi verið kostnaður við tekjuöflun félagsins. Engin sönnun liggi fyrir í málinu um hvort reikningar frá félögunum Fiskiferðir ehf., KK Bygg ehf., Starfsmenn ehf. og Leikin ehf. hafi verið ofgjaldfærðir í bókhaldi Brotafls ehf. Engin skýr mynd sé af umfangi Brotafls ehf., en félagið hafi tekið að sér sem verktaki mörg verk fyrir önnur félög, til dæmis ÍAV, Reiti og Ístak. Vörusala Brotafls ehf. á árunum 2012–2015 hafi numið 1.225.000.000 króna án virðisaukaskatts. Á sama tíma hafi rekstrargjöld félagsins verið 1.182.000.000 króna samkvæmt upplýsingum úr ársreikningum einkahlutafélagsins. Stefnandi virðist telja að mikið verði til úr litlu í verktakageiranum. Málabúnaður stefnanda verði ekki skilinn öðruvísi en að ofgjaldfærð rekstrargjöld í bókhaldi Brotafls hafi numið um 300.000.000 króna á tímabilinu 2012–2015. Stefnda hafni því að félagið hafi verið rekið með hundraða milljóna króna hagnaði árin 2012–2015. Bendi stefnda á að mörg verktakafyrirtæki sitji um hvert verk sem bjóðist og undirboð hafi verið algeng.

46. Fyrir liggir samkvæmt ársreikningum að félagið reiddi sig talsvert á þjónustu undirverk-
taka. Hluti aðkeyprar þjónustu hafi verið frá félögunum Fiskiferðir ehf., KK Bygg ehf.,
Starfsmenn ehf. og Leikin ehf. Stefnandi geri engan reka að því að draga fram þátt undir-
verktöku í starfsemi Brotafls ehf. Fyrir liggir samantekt meðal dómskjala þar sem gerð er
grein fyrir kostnaði við vinnu á vegum félaga Kristjáns Þórissonar. Vörusala á árinu 2015
hafi numið samtals 509.811.761 krónu það ár. Aðkeypt þjónusta af félögum Kristjáns
hafi á sama tíma numið um 130.000.000 króna. Boðað var að fyrir dóminn kæmu vitni
sem myndu bera um það að félög Kristjáns hefðu verið undirverktakar í verkum Brotafls
ehf.
47. Á því er byggt að stefnda hafi ekki borið ábyrgð á bókhaldi og skattskilum Fiskiferða
ehf., KK Byggs ehf., Starfsmanna ehf. og Leikinnar ehf., ekkert frekar en annarra
undirverktaka sem Brotafl ehf. hafi átt í viðskiptum við. Stefnda hefur litið svo á að
rannsókn skattrannsóknarstjóra hafi litið að því hvort Brotafli ehf. hafi verið heimilt að
færa á móti útskatti innskatt af greiddum reikningum frá félögunum Fiskiferðir ehf., KK
Bygg ehf., Starfsmenn ehf. og Leikin ehf. Stefnda telur að réttilega hafi verið staðið að
málum við að færa innskatt á móti útskatti af greiddum reikningum þessara félaga enda
hefði það valdið Brotafli ehf. tjóni ef það hefði ekki verið gert. Stefnda vísi til þess að í
málinu liggir ekki fyrir sönnun um að Brotafl ehf. hafi orðið fyrir tjóni þegar reikningar
frá félögunum Fiskiferðir ehf., KK Bygg ehf., Starfsmenn ehf. og Leikin ehf. hafi verið
greiddir. Engin matsgerð liggir fyrir né sjálfstæð samantekt af hálfu stefnanda þar sem
hann sýni fram á meint tjón stefnanda. Ekki liggir fyrir sönnun um að sölureikningar frá
félögunum Fiskiferðir ehf., KK Bygg ehf., Starfsmenn ehf. og Leikin ehf. séu tilhæfu-
lausir. Til þess er vísað af hálfu stefndu að form sölureikninga félaganna fullnægi
áskilnaði laga og reglna og að baki sölureikningunum hafi legið þjónusta sem félögin
veittu Brotafli ehf. Brotafli ehf. hafi því ekki aðeins verið rétt heldur skylt að greiða
umrædda reikninga. Stefnda vísi til þess að það sé hvorki saknæmt né ólöglegt að greiða
reikninga fyrir aðkeypta þjónustu.
48. Stefnda kveði framburð Kristjáns Þórissonar þar sem hann lýsi meintri ólögmati hátt-
semi vegna sölureikninga, sem hann gaf sjálfur út, vera rangan. Að mati stefndu hafi
framburður Kristjáns ekkert sönnunargildi í málinu.
49. Stefnda mótmæli fullyrðingum stefnanda um ólögmetar úttektir reiðufjár. Einhverjar
greiðslur til umræddra félaga hafi verið greiddar með reiðufé, félagið Fiskiferðir hafi
ekki verið með bankareikning og því hafi sölureikningar verið greiddir með peningum

og þær greiðslur afhentar Kristjáni. Stefnda hafi gert athugasemdir við þetta við Kristján en Brotafl ehf. hafi hætt viðskiptum við félagið eftir að endurskoðandi Brotafls ehf. benti á að búið væri að loka á virðisaukaskattsnúmer Fiskiferða ehf.

50. Fullyrðingum stefnanda þess efnis að stefnda hafi með úttekt reiðufjár dregið sér fé úr rekstri Brotafls ehf. sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Sú háttsemi að greiða reikninga með reiðufé sé hvorki saknæm né ólögmæt eins og stefnandi fullyrði. Stefnda beri þannig enga skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda og þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefndu. Í málinu séu ekki uppfyllt skilyrði bótaábyrgðar á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttar og mótmælt sé fullyrðingum stefnanda um að stefnda hafi skapað sér bótaskyldu gagnvart honum. Háttsemi stefndu sé hvorki saknæm né ólögmæt eins og stefnandi fullyrði. Stefnda byggi á því að ef talið verður að Brotafl ehf. hafi orðið fyrir einhverju tjóni sé umfang tjónsins ósannað. Samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar hvíli það á meintum tjónþola að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni og hvert umfang þess sé. Orsakatengsl skorti á milli hinnar meintu saknæmu háttsemi og meints tjóns stefnanda. Stefnda byggi á því að engin slík sönnun hafi verið lögð fram í málinu og ósannað sé að hún hafi tekið við fjármunum frá Brotafli ehf. Því beri að sýkna stefndu í aðalsök.
51. Stefnda hafni vaxtakröfu í aðalsök eins og hún sé sett fram með vísan til þess að vextir eldri en 6. febrúar 2016 séu fyrndir.
52. Hvað varakröfu stefnanda áhræri byggi sýknukrafa stefndu á sömu málsástæðum og rökum og að framan greini. Stefnda mótmæli einnig sem röngum og ósönnuðum fullyrðingum stefnanda um að hún hafi fengið ólöglegt lán hjá Brotafli ehf. Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefndu af varakröfu stefnanda. Þá hafni stefnda dráttarvaxtakröfu í varakröfu með vísan til þess að vextir eldri en 6. febrúar 2016 séu fyrndir.
53. Þrautavarakröfu stefnanda sé hafnað með vísan til framanrakinna málsástæðna og sjónarmiða af hálfu stefndu.

Málsástæður af hálfu stefnda Sigurjóns

54. Stefndi mótmæli kröfum og öllum sjónarmiðum stefnanda varðandi aðalkröfu hans, bæði kröfufjárhæð, vaxtakröfum, sem séu fyrndar og eigi ekki við rök að styðjast, og kröfunni, sem reist er á ábyrgð allra stefndu in solidum.
55. Stefndi mótmæli því að hafa valdið Brotafli ehf. tjóni með saknæmri háttsemi og kröfum sem reistar séu á 1. og 2. mgr. 108. gr. laga um einkahlutafélög. Krafa stefnanda sé á því

reist að greiðsla á reikningum undirverktaka hafi verið saknæm. Það sé að mati stefnda fjarstæða. Brotafl ehf. hafi fengið greiðslur frá verkkaupum fyrir verkin og greitt kostnað vegna verkanna. Það hafi bæði verið gert með greiðslum til eigin starfsmanna og til undirverktaka. Stefnandi virðist í einfeldni telja að ekki hafi þurft að greiða fyrir umrædd verk. Fyrir slíku séu að sjálfsögðu engin rök.

56. Stefnandi reisi kröfu sína um sýknu á því að stefnanda hafi ekki tekist sönnun um að reikningar frá félögunum Fiskiferðir ehf., KK Bygg ehf., Starfsmenn ehf. og Leikin ehf. hafi verið tilhæfulausir. Sönnunarfærsla stefnanda byggir á rannsókn skattrannsóknarstjóra en niðurstaða skattrannsóknarstjóra, sem stefnandi geri að sinni í þessu máli, sé ekki byggð á neinum sönnunargögnum. Engin sönnun liggja fyrir um að sölureikningar undirverktaka hafi verið tilhæfulausir, hvorki að *mestu leyti* né að öllu leyti. Reikningararnir hafi verið útgefnir og voru vegna verktöku útgefenda. Stefnandi hafi ekki átt neina aðkomu að útgáfu sölureikninganna og Brotafl ehf. greiddi reikningana.
57. Í bókhaldi Brotafls ehf. geti að líta sölureikninga félagsins vegna verktöku. Af hálfu skattrannsóknarstjóra hafi ekki verið gerðar athugasemdir þar að lútandi og heldur ekki við vörusölu og tilkostnað vegna verka. Rannsóknarskýrslan varði með hvaða hætti greiðslur til undirverktaka hafi átt sér stað og stöðu fyrirsvarsmanna félaga í undirverktöku. Alls ekki sé véfengt í skýrslunni að greiðslur séu eðlilegar með tilliti til verk-kostnaðar. Það geri stefnandi hins vegar án þess að reyna að leiða að því nokkrum rökum eins og að framan sé rakið. Stefnandi hafi enga tilraun gert til að sýna fram á að þrotabú stefnanda hafi orðið fyrir tjóni af völdum saknæmrar háttsemi stefnda. Það sé grundvallarregla í skaðabótarétti að sá sem geri skaðabótakröfu sýni fram á og sanni að tjón hafi orðið og hvert sé umfang slíks tjóns. Þá sé hvergi að sjá að stefnandi hafi sýnt fram á að stefndi hafi valdið stefnanda einhverju tjóni með saknæmri eða ólögum háttsemi. Þá sé með engum hætti reynt að sýna fram á einhver orsakatengsl milli meintrar háttsemi stefnda og meints tjóns stefnanda sem rennt geti stoðum undir bótaskyldu stefnda.
58. Stefnandi mótmæli þeirri málsástæðu stefnanda sérstaklega sem tilhæfulausri og rangri að stefndu hafi með því að gefa út tilhæfulausa reikninga dregið sér fé úr rekstri Brotafls ehf. með ólögum háttsemi og valdið Brotafli ehf. tjóni. Stefnandi hafi enga aðkomu átt að reikningsgerð undirverktaka.
59. Af hálfu stefnda sé krafist sýknu af varakröfu og þrautavarakröfu stefnanda og sé krafa um sýknu reist á sömu málsástæðum og rökum og greini hér að framan vegna kröfu um sýknu af aðalkröfu eftir því sem við eigi. Lagarökum stefnanda sem reist séu á 79. gr.

laga um einkahlutafélög sé mótmælt sérstaklega, enda algerlega tilhæfulaus og án rökstuðnings. Þá séu engar forsendur eða lagarök reifuð fyrir kröfu um bætur að álitum.

Málsástæður af hálfu stefnda Ragnars

60. Stefndi mótmæli öllum kröfum og sjónarmiðum stefnanda er lúta að aðalkröfu, á það bæði við um kröfufjárhæð, vaxtakröfu sem og kröfuna sjálfa sem reist sé á ábyrgð allra stefndu in solidum.
61. Stefndi hafni því að hafa valdið Brotafli ehf. tjóni með saknæmri háttsemi í störfum sínum fyrir félagið og mótmæli kröfum sem reistar séu á 1. og 2. mgr. 108. gr. laga um einkahlutafélög. Krafa stefnanda byggi á því að greiðsla á reikningum Brotafls ehf. til undirverktaka hafi verið saknæm. Það sé að mati stefnda alger fjarstæða. Brotafl ehf. hafi fengið greiðslur frá verkkaupum fyrir þau verk sem félagið hafi tekið að sér og hafi borið að greiða bæði eigin starfsmönnum og undirverktökum fyrir þau verk sem unnin hafi verið fyrir þeirra hönd. Í stefnu sé á því byggt að Brotafli ehf. hafi ekki borið að greiða undirverktökum fyrir verk sín, félagið hefði bara átt að sleppa því og spara sér peninginn, safna sér upp hagnaði. Slíkt sé augljóslega fráleitt og gangi engan veginn upp. Einhver hafi unnið verkin sem greitt hafi verið fyrir og það sé með ólíkindum að byggja skaðabótamál á því að stjórnandi einkahlutafélags hafi unnið félagi tjón með því að greiða fyrir aðkeypta þjónustu sem félagið keypti og í raun áframseldi þriðja aðila með álagi. Niðurstaða skattrannsóknarstjóra sé á þá leið að verkin sem Brotafl ehf. hafi fengið greitt fyrir hafi verið unnin í raun og veru og eðlilega verið greitt fyrir þau.
62. Krafa stefnda um sýknu sé byggð á því að stefnanda hafi ekki tekist sönnun um að reikningar frá félögunum Fiskiferðir ehf., KK Bygg ehf., Starfsmenn ehf. og Leikin ehf. hafi verið tilhæfulausir. Sönnunarfærsla stefnanda byggi á rannsókn skattrannsóknarstjóra. Niðurstaða skattrannsóknarstjóra sem stefnandi gerir að sinni sé ekki byggð á neinum sönnunargögnum. Engin sönnun liggi fyrir um að sölureikningar undirverktaka hafi verið tilhæfulausir, hvorki að *mestu leyti* né að öllu leyti. Reikningarnir hafi verið útgefnir og verið vegna verktöku útgefenda. Stefndi hafi ekki átt aðkomu að útgáfu sölureikninganna. Brotafl ehf. hafi greitt þá. Í bókhaldi Brotafls ehf. geti að líta sölureikninga Brotafls ehf. vegna verktöku. Af hálfu skattrannsóknarstjóra séu ekki gerðar athugasemdir þar að lútandi og ekki heldur við vörusölu og tilkostnað vegna verka. Rannsóknarskýrslan varði með hvaða hætti greiðslur til undirverktaka hafi átt sér stað og stöðu fyrirsvarsmanna félaga í undirverktöku. Alls ekki sé vefengt í skýrslunni að greiðslur séu eðlilegar með

tilliti til verkkostnaðar. Það geri stefnandi á hinn bóginn án þess að reyna að leiða að því nokkrum rökum.

63. Stefnandi hafi ekki gert neina raunverulega tilraun til þess að sýna fram á að þrotabú stefnanda hafi orðið fyrir tjón sem rekja megi til saknæmrar háttsemi stefnda. Þess utan hafi ekki verið gerð nein tilraun til að meta umfang tjónsins. Það sé grundvallarregla í skaðabótarétti að sá sem geri skaðabótakröfu sýni fram á það og sanni að tjón hafi orðið og hvert sé umfang slíks tjóns. Þetta hafi stefnandi ekki gert, hvergi sé að sjá að stefnandi hafi sýnt fram á að stefndi hafi valdið stefnanda einhverju tjóni yfir höfuð, hvað þá með saknæmri eða ólögumháttsemi. Þá sé ekki reynt að sýna fram á að einhver orsakatengsl séu á milli meintrar háttsemi stefnda og meints tjóns stefnanda sem rennt geti stoðum undir bótaskyldu nema sá málalilbúnaður að stefndi hafi ekki átt að láta Brotafl ehf. greiða undirverktökum sínum fyrir unnin verk í þágu félagsins. Slík röksemdafærsla haldi ekki vatni líkt og áður sé rakið.
64. Því sé mótmælt að stefndi hafi haft uppi einhverja saknæma háttsemi varðandi færslu bókhalds félagsins eða greiðslu reikninga. Endurskoðunarskrifstofa hafi annast færslu bókhalds fyrir Brotafl ehf., sem og gerð skilagreina. Stefndi hafi gert sitt besta til að tryggja að bókhaldið væri fært lögum samkvæmt. Því sé mótmælt að í því felist saknæm háttsemi að sölureikningar þeir sem útgefnir voru af Fiskiferðum ehf., KK Byggi ehf., Starfsmönnum ehf. og Leikinni ehf. hafi ekki innihaldið nægilega ítarlegar upplýsingar að mati stefnanda. Umræddir reikningar hafi verið gefnir út af framangreindum félögum og hafi hvorki stefndi né neinn annar á vegum Brotafls ehf. komið nálægt því. Það sé svo þannig í verktakastarfsemi að ef reikningar sem berast séu ekki óeðlilega háir og séu í takt við verkframvindu séu þeir greiddir án þess að óskað sé sérstaklega eftir nákvæmari útlistunum.
65. Sérstök athygli sé vakin á því að það sé beinlínis rangt sem fram komi í stefnu og í ályktunum starfsmanns skattrannsóknarstjóra, að sölureikningarnir hafi ekki uppfyllt skilyrði 4. gr. reglugerðar nr. 50/1993. Ákvæði 3. tl. 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar sé aðeins ætlað að tryggja að þeim sem kaupir þjónustu sé heimilt að gjaldfæra reikninginn í starfsemi sinni og eftir atvikum reikna innskatt á grundvelli hans. Einungis sé verið að gera kröfu um að skýrt sé hvers konar þjónustu sé verið að kaupa. Enginn vafi leiki á því að reikningarnir séu nægilega skýrir til að átta sig á því að það sem greitt hafi verið fyrir samkvæmt texta reikninganna rúmaðist allt innan jarðvinnu- og verktakastarfsemi Brotafls ehf. og félaginu því heimilt að gjaldfæra reikningana og nýta þá við útreikning

innskatts. Bæði stefnandi og starfsmaður skattrannsóknarstjóra virðist rugla þessu ákvæði saman við 4. tölulið 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar en í því ákvæði sé að fínna kröfur varðandi það hversu ítarlegur reikningurinn þurfi að vera, en ekki tegund þjónustu líkt og í 3. tölulið. Líkt og ákvæðið beri með sér séu ekki gerðar neinar ítarlegar kröfur varðandi sundurliðun reiknings. Þetta sé alþekkt í verktakabransa og þjónustukaupum, oft standi ekki meira á reikningnum en *smíðavinna skv. tilboði* án þess að tilboðið fylgi með. Af framangreindu megi sjá að málatilbúnaður stefnanda sé byggður á röngum forsendum og beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

66. Grundvöllur aðalfjárkrafna stefnanda sé það mat stefnanda að stefndu hafi með því að gefa út tilhæfulausa reikninga dregið sér fé úr rekstri Brotafls ehf. með ólögmetum hætti og valdið félaginu tjóni. Þessari málsástæðu sé mótmælt sem tilhæfulausri og rangri. Stefndi kveðst enga aðkomu hafa átt að reikningsgerð undirverktaka en lagt sé upp með af stefnanda sjálfum að Kristján hafi viðurkennt að hafa útbúið sölureikningana.
67. Af hálfu stefnda er krafist sýknu af varakröfu stefnanda og er sú krafa reist á sömu málsástæðum og rökum og greinir hér að framan vegna kröfu um sýknu af aðalkröfu. Stefndi hafni því að hafa fengið lán hjá Brotafli ehf., né að hafa veitt neinum öðrum lán sem stjórnandi félagsins.
68. Stefndi byggi jafnframt í máli þessu öllu á þeim röksemdum sem lagðar hafi verið fram í málinu af meðstefndu Þórkötlum og meðstefnda Sigurjóni. Einnig sé byggt á þeim í málinu.

Niðurstaða

69. Mál þetta lýtur einkum að skaðabótakröfu sem þrotabú Brotafls ehf. hefur uppi gagnvart fyrrum eigendum sínum, stefndu Ragnari og Sigurjóni, og sambýliskonu þess síðarnefnda, Þórkötlum.
70. Grundvöllur þessarar kröfugerðar byggist einkum á þeirri forsendu að stefndu, einkum stefndu Sigurjón og Þórkätla, hafi hlutast til um að vitnið Kristján Þórisson gæfi út tilhæfulausa sölureikninga í nafni fjögurra einkahlutafélaga á hendur Brotafli ehf. sem stefndu hafi greitt að nafninu til af bankareikningi Brotafls ehf., annað hvort með milli-færslum eða reiðufjárúttektum. Greiðslur þessar hafi í raun verið sýndargerningur. Kristján hefur staðhæft að hann hafi tekið greiðslurnar jafnharðan út í reiðufé sem hefði verið lagt inn á bankareikninga einkahlutafélaganna. Hann hafi síðan afhent stefndu Sigurjóni og Þórkötlum peningana. Þá hafi hann aldrei fengið það reiðufé í hendur sem þau

hefðu sjálf tekið út af bankareikningi Brotafls ehf. sem greiðslu reikninga einkahlutafélaganna. Umræddir sölureikningar hafi einungis verið gefnir út í því skyni að réttlæta úttektir stefndu úr Brotafli ehf.

71. Einkahlutafélögin fjögur gáfu þessa reikninga út á árabílinu 2012 til og með 2015, hvert á fætur öðru. Þegar skattýfirvöld lokuðu virðisaukaskattsnúmerum hvers félags fyrir sig vegna vanskila þar sem engum skýrslum um innheimtan virðisaukaskatt var skilað né skatturinn greiddur tók það næsta við og svo koll af kolli þar til skattýfirvöld gripu í taumana og hófu rannsókn á rekstri Brotafls ehf. og á öðru einkahlutafélagi sem var í sambærilegri stöðu og hafði einnig nýtt reikninga útgefna af þessum einkahlutafélögum.
72. Byggt er á því af stefnanda að forsvarsmenn Brotafls ehf. hafi aflað sér reiðufjár með þessum hætti, auk þess sem reikningarnir fólu allir í sér innheimtu virðisaukaskatts sem gaf færi á að minnka greiðslu þess skatts í rekstri Brotafls ehf. vegna útgefna reikninga Brotafls ehf. til þeirra sem keyptu þjónustu fyrirtækisins í byggingariðnaði. Sá þáttur er laut að virðisaukaskattinum leiddi til höfðunar refsímáls á hendur stefndu Sigurjóni og Þórkötlu og vitninu Kristjáni.
73. Fyrir liggur að stefndu Sigurjón og Þórkötla voru ákærð fyrir meiriháttar brot gegn 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt, sbr. 262. gr. almennra hegningarlaga. Þau voru sakfelld með dómi Héraðsdóms Reykjaness 13. febrúar 2023 og dæmd til fangelsisrefsinga og fésekta en refsingarnar voru skilorðsbundnar vegna dráttar á meðferð málsins. Kristján Þórisson var einnig ákærður og dæmdur í málinu fyrir sinn þátt, bæði vegna útgáfu reikninga til Brotafls ehf. en einnig gagnvart öðru fyrirtæki í byggingariðnaði þar sem sami háttur hafði verið hafður á. Forsvarsmenn þess félags hlutu einnig dóm fyrir sinn þátt. Í samræmi við 4. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála verður lagt til grundvallar að dómur þessi hafi fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir þar til það gagnstæða er sannað.
74. Fyrir liggur að Kristján Þórisson játaði í sakamálinu að hafa gefið út tilhæfulausa reikninga en þar bar hann um að allir reikningarnir sem hann hefði gefið út í nafni einkahlutafélaganna fjögurra á hendur Brotafli ehf. og öðru nafngreindu félagi hefðu verið tilhæfulausir. Sú vinna sem þar væri tilgreind hefði ekki verið innt af hendi og fjármunirnir sem hefðu verið greiddir inn á bankareikninga hefðu verið teknir út í reiðufé og því komið til stefndu Sigurjóns og Þórkötlu jafnharðan.
75. Fyrir dómi í því máli sem hér er til úrlausnar bar Kristján mjög á svipaða lund en gat þess þó að reikningarnir væru að ríflega 90% leyti tilhæfulausir og fjármuninum hefði nær

öllum verið komið til stefndu, einkum Þórkötlum en í nokkrum tilvikum Sigurjóns. Hann sjálfur hefði bara verið með einn til tvo karla í vinnu, í mesta lagi þrjá, sem er í samræmi við framburð hans í sakamálinu. Hann bar um að hafa haldið eftir einhverjum prósentum af fjárhæðunum sem fóru um hans hendur, langt innan við 10%, til að borga sínum körlum. Í vitnisburði sínum staðfesti hann framburð sinn úr refsímálinu þess efnis að fyrstu framburðir hans fyrir skattrannsóknarstjóra hefðu verið haugalygi. Vitnið bar um að stefnda Þórkatla hefði stýrt peningamálum Brotafls ehf. og nefndi það sérstaklega að stefndi Ragnar hefði ekki vitað neitt. Fyrir dómi í þessu máli gat hann þess að stefndi Ragnar hefði ekkert átt, hann hefði ekki átt fyrir pulsu og kók eins og vitnið orðaði það. Máli sínu til stuðnings vísaði hann til þess að hafa unnið við hlið stefnda Ragnars sem ekið hafi um á aflóga bíl og búið í blokkaríbúð en stefndu Sigurjón og Þórkatla eytt eins og kóngar og drottningar og búið í höllinni sinni.

76. Eins og sönnunarfærslu hefur verið hagað fyrir dóminum í því máli sem hér er til úrlausnar eru ekki forsendur til að meta stöðu stefndu gagnvart sakarefni máls þessa með öðrum hætti en gert var í sakamálinu. Engin vitni voru leidd sem varpað geta öðru ljósi á réttarstöðu stefndu gagnvart stefnanda og þau gögn sem liggja fyrir fela ekki í sér sönnun um að málsatvik séu með gagnstæðum hætti en lagt var til grundvallar í sakamálinu, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála.
77. Má sem dæmi vísa til svonefndra vinnuskýrslna sem lagðar hafa verið fram og byggt á að hafi legið reikningagerð félaga á vegum vitnisins Kristján til grundvallar. Langflestar þessara skýrslna eru ritaðar á eyðublöð sem auðkennd eru Brotafli ehf. Engin þeirra er undirrituð né liggur fyrir frá hverjum skýrslunar stafa, auk þess sem efni þeirra er næsta brotakennt. Þá eru þessar vinnuskýrslur lagðar fram án nokkurra tengsla við þá reikninga sem einkahlutafélögin fjögur gáfu út sem vitnið Kristján var í forsvari fyrir. Enga samsvörun er að finna milli tilgreinds vinnustundafjölda á þessum skjölum og efnis einstakra reikninga. Staðhæfingar stefndu um að skýrslunar stafi frá vitninu og endurspegli vinnu sem unnin hafi verið á vegum nefndra einkahlutafélaga eiga sér ekki þannig stöð í gögnum málsins að þær teljist sannaðar. Þessi gögn komu einnig til umfjöllunar í sakamálinu þar sem munnleg sönnunarfærsla skaut ekki stöðum undir málalíbúnað stefndu sem báru málsástæðu þessa fyrir sig sem vörn í sakamálinu, þvert á móti var vörn á þessum nótum hafnað. Engar forsendur eru til þess að komast að gagnstæðri niðurstöðu í máli þessu. Verður því lagt til grundvallar að reikningar félaganna fjögurra hafi verið tilhæfulausir að því marki sem vitnið Kristján Þórisson bar um. Verður ekki önnur

ályktun dregin enda engum sönnunargögnum til að dreifa sem skjóta stoðum undir þann framburð stefnda Sigurjóns fyrir dómi í máli þessu að vitnið Kristján hafi verið með allt að 40 starfsmenn í vinnu. Þvert á móti sýnist yfirlýsing þessi vera næsta fjarstæðukennd með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og málsatvikum eins og gerð er grein fyrir þeim í dómi Héraðsdóms Reykjaness. Yfirlýsingin er auk þess til þess fallin að rýra gildi framburðar stefnda að öðru leyti.

78. Í dómi Héraðsdóms Reykjaness frá 13. febrúar 2023 er því slegið föstu með ítarlegum rökstuðningi á grundvelli framburða og gagna málsins að stefnda Þórkátla hefði alfarið séð um bókhald Brotafls ehf., komið gögnum til bókhaldsstofu og séð alfarið um upplýsingagjöf að því leyti. Einnig var talið í ljós leitt að hún hefði séð um útgáfu og greiðslu reikninga, greiðslu virðisaukaskatts og staðgreiðslu, greitt laun, auk þess að afhenda reiðufé til starfsmanna. Var hún á þeim forsendum meðal annars talin bera refsíabyrgð vegna félagsins. Því var slegið föstu að stefndu Þórkátla og Sigurjón hefðu sinnt daglegum rekstri og öllum stærri ákvörðunum er vörðuðu félagið, jafnt fjárhagslegum sem öðrum, og komið saman að raunverulegri framkvæmdastjórn félagsins, þrátt fyrir að ákærða Þórkátla hefði aldrei verið formlega skráð sem slík og stefndi Sigurjón hafi einungis verið í stjórn einkahlutafélagsins lítinn hluta tímabilsins sem hinar umþrættu greiðslur fóru fram.
79. Eins og sönnunarfærslu hefur verið hagað fyrir dóminum í því máli sem hér er til úrlausnar eru ekki forsendur til að meta stöðu stefndu Sigurjóns og Þórkötlu gagnvart sakarefni máls þessa með öðrum hætti. Engin vitni voru leidd sem varpað hefðu getað öðru ljósi á réttarstöðu stefndu gagnvart stefnanda og þau gögn sem liggja fyrir fela ekki í sér sönnun um að málsatvik hvað þetta varðar séu með gagnstæðum hætti en í sakamálinu, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála.
80. Fyrir liggur að stefndu hlutuðust til um að Brotafl ehf. greiddi reikninga frá fjórum einkahlutafélögum sem nánast enginn fótur var fyrir samkvæmt framangreindu, samtals að fjárhæð 303.463.880 krónur af bankareikningi Brotafls ehf., annað hvort með millifærslu eða reiðufjárúttektum. Hvað varð um þessa fjármuni er í raun óupplýst. Vitnið Kristján staðhæfir að hafa afhent það af þessum fjármunum sem lagt var inn á bankareikning félaganna sem hann var í forsvari fyrir til stefndu, Sigurjóns og Þórkötlu, sem þau mótmæla. Framburður allra stefndu í þessum efnum er raunar næsta óljós, þar á meðal hvað hafi orðið um það reiðufé sem þau tóku sjálf út af bankareikningum Brotafls ehf., samtals að fjárhæð 85.807.350 krónur. Framburður þeirra er í raun hvarflandi hvort

fjármunirnir hafi verið afhentir stefnda Kristjáni eða nýttir til að mynda til að greiða ónafngreindum verktökum, eins og byggt var á í málflutningi, eða þá til að kaupa notaða varahluti af ónafngreindum vélpartasölum eins og kom fram í aðilaskýrslum. Eins má geta þess að fram kemur í títtnefndum dómi Héraðsdóms Reykjaness að vitni hafi borið um að hafa verið sjónarvottur að því að stefnda Þórkatla afhenti starfsmönnum reiðufé vegna launa. Í ljósi framanritaðs verður þannig lagt til grundvallar að stefndu, Sigurjón og Þórkatla, beri skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna þess tjóns sem talið er að sannað sé að stefnandi hafi orðið fyrir.

81. Ábyrgð stefnda Ragnars snýr með nokkuð öðrum hætti við vegna verkaskiptingar milli stjórnenda Brotafls ehf. eins og umfjöllun um hana birtist í dómi Héraðsdóms Reykjaness og málskjöllum þessa máls en Ragnar var ekki ákærður í sakamálinu. Í dóminum kemur ótvírætt fram að hlutverk hans hafi verið að annast um verkstjórn og umsjón á verkstöðum. Þá má ráða af framburðum fyrir dómi í þessu máli að það hafi verið hans hlutverk að annast um aðföng og bregðast við bilunum í tækjabúnaði. Hann hafi ekki lagt á ráðin um útgáfu tilhæfulausra reikninga á hendur Brotafli ehf. né til dæmis annast skil á virðisaukaskatti.
82. Á hinn bóginn liggur fyrir að stefndi Ragnar bar sem stjórnarmaður í félaginu ábyrgð á því að rekstur einkahlutafélagsins væri í samræmi við lög, þar á meðal að skyldum samkvæmt 5. gr. laga um bókhald væri fullnægt, sbr. einnig 2. mgr. 3. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Samkvæmt framburðum stefndu, án þess að það styðjist við nokkur gögn málsins, á stefndi Ragnar að hafa hagnýtt reiðufé til að greiða fyrir varahluti í tæki í pappírslausum viðskiptum. Ekkert hefur þó verið upplýst um hvaða varahluti hafi verið um að ræða og hverjir hafi verið viðtakendur slíkra greiðslna, hvoru tveggja í brýnni andstöðu við til dæmis 6. gr. laga um bókhald. Þótt ekki hafi verið tilefni til að ákæra stefnda fyrir þær sakargiftir sem voru til umfjöllunar í sakamálinu fyrir Héraðsdómi Reykjaness leysir það stefnda ekki undan ábyrgð samkvæmt lögum um einkahlutafélög og að skaðabótabótarétti en með vísan til málsatvika verður bótaábyrgð hans slegið fastri með vísan til þeirra gríðarlegu fjármuna sem virðast hafa horfið út úr rekstri Brotafls ehf. án þess að fyrir liggi hvað hafi orðið um þá.
83. Fyrir liggur samkvæmt framansögðu að háum fjárhæðum var ráðstafað út af bankareikningum Brotafls ehf. á afar hæpnum forsendum. Trúnaðarbrot allra stefndu gagnvart Brotafli ehf. liggur þannig fyrir og skaðabótaábyrgð þeirra. Eftir stendur hvort þær ráðstafanir hafi verið einkahlutafélaginu að öllu leyti til tjóns eins og stefnandi byggir á.

Stefnandi leggur til grundvallar að því hafi verið slegið föstu með dómi Héraðsdóms Reykjaness að reikningarnir frá félögunum fjórum væru með öllu tilhæfulausir og það sé því stefndu að sanna hið gagnstæða, að þessar greiðslur hafi verið réttmætar og falið í sér greiðslu kostnaðar. Sönnun umfangs tjóns hvíli þannig á stefndu andstætt því að stefnandi sem bótakrefjandi þurfi að sanna tjón sitt eins og almennt gildi.

84. Að mati dómsins verður í þessu samhengi að horfa til þess að Héraðsdómur Reykjaness var að leysa úr ákæruatriðum sem lutu ekki að auðgunarbrotum heldur að meiriháttar brotum gegn skatta- og bókhaldslögum, sem meðal annars lutu að lögmæti skuldajöfnunar meints útskatts á móti innskatti. Ákæruatriði er laut að peningþvætti var vísað frá dómi og ekki var ákært fyrir fjárdrátt eða önnur auðgunarbrot. Héraðsdómur byggði sakfellingu ekki síst á því að sölureikningar þeir sem einkahlutafélögin fjögur gáfu út stæðust ekki ákvæði laga til að vera forsvaranlegur grundvöllur innheimtu virðisaukaskatts. Vegna þessa eðlismunar á umfjöllunarefnum þessara tveggja dómsmála verður að gjalda varhug við að telja megi fullkominn samjöfnuð milli málanna og að niðurstaða sakamálsins sé svo einhlít að ekki þurfi frekari vitnanna við, að heildarsamtala hinna tilhæfulausu reikninga endurspegli tjón Brotafls ehf. sem þannig sé sannað að skaðabótarétti.

85. Fyrir liggur að þrátt fyrir afdráttarlausan framburð um að reikningar félaganna fjögurra hafi verið tilhæfulausir liggur óumdeilt fyrir að vitnið Kristján var með menn í vinnu og hafði með höndum sjálfstæða starfsemi sem flokka verður sem undirverktöku hjá Brotafli ehf. Hann var sjálfur að minnsta kosti að hluta til við störf og bar um að hafa verið með einn eða tvo menn í starfi. Hann hefur líka borið um að hafa afhent stefndu að mestu leyti sem reiðufé þá fjármuni sem lagðir voru inn á bankareikning títtnefndra félaga. Stefndu hafa mótmælt því sem röngu að Kristján hafi afhent þeim fjármunina aftur. Þótt augljóst sé af gögnum málsins að þessi kostnaður sem vitnið gerði grein fyrir og hlaust af vinnu hans og manna á hans vegum í þágu Brotafls ehf. hafi verið hverfandi gagnvart þeim háu fjárhæðum sem útgefnir sölureikningar frá félögunum fjórum endurspegluðu verður ekki framhjá kostnaðinum litið og stefndu ætlað að afsanna fullyrðingu stefnanda um tilhæfuleysi reikninganna gegn eindregnum mótmælum þeirra. Í raun standa orð gegn orðum hvað þetta varðar og í ljósi hvarflandi framburðar Kristjáns Þórissonar vegna málsatvika þessa máls og sakamálsins sem meðal annars var rekið gegn honum eru ekki forsendur til að veita hans orðum meira vægi gagnvart orðum stefndu þannig að í þeim einum og sér felist sönnun um að málsatvik séu með þeim hætti sem stefnandi byggir á.

Verður í þessu ljósi aðalkröfu stefnanda hafnað enda ósannað að þær greiðslur sem greiddar voru til einkahlutafélaga undir stjórn Kristjáns Þórissonar hafi ratað á ný til stefndu Sigurjóns og Þórkötlu og þau hagnýtt þá fjármuni í eigin þágu til tjóns fyrir stefnanda.

86. Stefnandi hefur uppi varakröfur á hendur stefndu sem taka mið af þeim fjárhæðum sem hvert þeirra fyrir sig tók út af reikningum Brotafls ehf. að sögn til greiðslu reikninga einkahlutafélaganna fjögurra sem vitnið Kristján Þórisson veitti forstöðu. Þannig er stefndi Sigurjón krafinn um 10.386.744 krónur, stefnda Þórkátla um 61.190.250 krónur og stefndi Ragnar um 14.230.356 krónur. Málsástæðurnar sem leggja grundvöll að varakröfum lúta aðallega kröfum um endurgreiðslu á þessum fjármunum þar sem um óheimil lán í andstöðu við 79. gr. laga um einkahlutafélög hafi verið að ræða, til vara er krafðið um fjárhæðir þessar að sögn á grundvelli meginreglna kröfuréttar um efnidir fjárskuldbindinga og til þrautavara er krafðið um skaðabætur sem þessum fjárhæðum nemur þar sem stefnandi hafi orðið fyrir skaðabótaskyldu tjóni vegna úttekta stefndu. Stefnu mótmæla þessum málsástæðum og þeim kröfum sem styðjast við þær.
87. Óumdeilt er að stefndu tóku út reiðufé í samræmi við varakröfur stefnanda gagnvart hverju þeirra fyrir sig. Hvorki Sigurjón né Þórkátla mæltu á móti því fyrir dómi í máli þessu en einnig er til dóms Héraðsdóms Reykjaness að líta þar sem um þessar úttektir var fjallað meðal málsatvika. Stefnu hafa á hinn bóginn mótmælt því eindregið að hafa þegið fjármuni að láni hjá Brotafli ehf. heldur borið því að þau hafi innt ýmsar greiðslur af hendi án þess að skriflegum gögnum væri til að dreifa, útgefnum reikningum, kvittunum eða samningum. Tilgreind voru ýmis tilefni almennum orðum, meðal annars um kaup notaðra varahluta, greiðslur til undirverktaka og jafnvel starfsmanna. Í málflutningi var lögð áhersla á að greiðsla með reiðufé væri ekki bönnuð og jafnvel mikið tíðkuð í byggingariðnaði. Engin tilgreind tilvik hafa þó verið nefnd, hvorki staður né stund eða tilefni. Þá voru engir viðtakendur nefndir og engin vitni leidd fyrir dóm til að skjóta stoðum undir þennan málatilbúnað. Fyrir Héraðsdóm Reykjaness voru leidd vitni sem báru um að hafa horft á stefndu Þórkötlu afhenda starfsmönnum reiðufé sem laun, auk þess sem starfsmaður bar um að hafa veitt reiðufé viðtöku. Að sama brunni ber með þá framburði, engar nánari upplýsingar liggja fyrir, til dæmis um dagsetningar, fjárhæðir eða grundvöll slíkra greiðslna hafi þær farið fram.
88. Þótt nokkrar líkur megi samkvæmt framansögðu leiða að því að úttektir stefndu á reiðufé hafi að minnsta kosti að hluta verið hagnýttar í þágu Brotafls ehf., þótt ekki hafi verið

gerð réttilega grein fyrir þeim gagnvart skattyfirvöldum, verður í ljósi málsatvika sönnunarbyrðin í þessum efnum felld á stefndu, sbr. til dæmis dóm Landsréttar í máli nr. 716/2020 frá 4. mars 2020. Stefndu sem forsvarsmenn Brotafls ehf. verða að bera ábyrgð á að hafa hagað rekstri félagsins með slíkum hætti að þeim sé ekki kleift að sýna fram á eða gera líklegt með áreiðanlegum gögnum eða framburðum fyrir dómi að um lögmæt útgjöld hafi verið að ræða í þágu félagsins, frekar en að þau hafi hagnýtt fjármunina í eigin þágu, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í máli nr. 613/2011. Verður því fallist á með stefnanda að úttektir stefndu af bankareikningi hins gjaldþrota félags stangist á við 1. mgr. 79. gr. laga um einkahlutafélög. Hvað stefndu Sigurjón og Ragnar snertir voru þeir báðir hluthafar og stefndi Ragnar stjórnarmaður félagsins og falla lánveitingar til þeirra undir bann 1. málslíðar 1. mgr. 79. gr. Fyrir liggur að stefnda Þórkatla er í sambúð með stefnda Sigurjóni þannig að lánveitingar til hennar falla undir bann samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 79. gr.

89. Af hálfu stefnanda hefur ekki verið gerð fullnægjandi grein fyrir málsástæðu þannig að á henni verði byggt sem felur í sér þann grundvöll að krefja megí stefndu um tilgreindar fjárhæðir á grundvelli meginreglna kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga. Á hinn bóginn verður að telja að með þessum framgangsmáta hafi stefndu valdið stefnanda skaðabótaskyldu tjóni með úttektum sínum sem ekki hafa verið endurgreiddar eða þau sannað að verðmæti hafi komið í staðinn. Stefnandi byggir þrautavaramálsástæðu sína um skaðabótaskyldu stefndu í þessu tilliti ekki á að stefndu beri þá ábyrgð sameiginlega, in solidum, heldur að hvert um sig beri ábyrgð á því tjóni sem hlaust af úttektum hvers og eins. Leiðir niðurstaða um skaðabótaábyrgð stefndu þannig til sömu niðurstöðu og að um ólögmæt lán væri að ræða.
90. Í samræmi við framangreint verður þannig fallist á höfuðstól varakrafna stefnanda gagnvart stefndu hverju fyrir sig en ekki er tölulegur ágreiningur um úttektir þeirra eins og áður gat. Stefnandi krefst dráttarvaxta með vísan til 4. mgr. 79. gr. laga um einkahlutafélög, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, á grundvelli 3. mgr. 5. gr. sömu laga vegna hvernar úttektar fyrir sig frá úttektardegi eins og útlistað er í dómkröfu gagnvart hverju stefndu fyrir sig. Í tilviki stefnda Sigurjóns voru úttektirnar samtals að fjárhæð 10.386.744 krónur og áttu sér stað á tímabilinu 4. janúar 2013 til 21. desember 2015. Í tilviki stefndu Þórkötlu áttu sér stað úttektir samtals að fjárhæð 61.190.250 krónur á tímabilinu 4. september 2012 til 15. október 2015. Í tilviki stefnda

Ragnars áttu sér stað úttektir samtals að fjárhæð 14.230.356 krónur á tímabilinu 2. september 2013 til 31. desember 2015.

91. Af hálfu stefnda Sigurjóns er krafist sýknu af dráttarvaxtakröfum stefnanda á þeim grunni að þær séu fyrndar. Vísað er almennt til laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda í greinargerð hans en ekki hefur verið gerð nánari grein fyrir kröfunni og ekki var á hana minnst í málflytningi. Með hliðsjón af framsetningu málsástæðu stefnda verður á hinn bóginn að leggja til grundvallar að stefndi byggji á að allir dráttarvextir séu fyrndir. Af hálfu stefndu Þórkötlu var einnig byggt á því að dráttarvextir væru fyrndir og miðað við 6. febrúar 2016, það er að segja fjórum árum fyrir þingfestingu dómsmáls þessa sem var 6. febrúar 2020. Í málatilbúnaði stefnda Ragnars var afar takmörkuð grein gerð fyrir málatilbúnaði er laut að fyrningu. Laga um fyrningu kröfuréttinda er þó getið meðal lagaraka í greinargerð og vitnað almennt til röksemda *sem lagðar hafa verið fram í málinu af meðstefndu*. Þar sem málsatvik gagnvart öllum stefndu horfa eins við hvað úttektir þeirra á reiðufé snertir verður að líta svo á að einnig sé byggt á því af hans hálfu að dráttarvextir séu fyrndir með sama hætti og fram kemur af hálfu annarra stefndu.
92. Mál þetta var höfðað á hendur stefndu Sigurjóni og Þórkötlu með birtingu stefnu 21. janúar 2020 og gegn stefnda Ragnari 29. janúar sama ár. Þar sem allar úttektir stefndu höfðu átt sér stað fjórum árum áður en stefnan var birt verða stefndu sýknuð af kröfum stefnanda um dráttarvexti sem fallið höfðu til fjórum árum áður en mál þetta var höfðað gagnvart hverju stefndu fyrir sig. Af þeirra hálfu er ekki byggt á því að endurgreiðslukröfur stefnanda samkvæmt varakröfu hans sem slíkar séu fyrndar enda á 2. mgr. 5. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda við um þær kröfur.
93. Stefnandi krefst staðfestingar kyrrsetningar sem fram fór 17. febrúar 2017 í fasteign stefndu Þórkötlu X. Fallist er á að skilyrðum 5. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. hafi verið fullnægt til þess að kyrrsetning færi fram enda að framan komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi eigi lögvarða kröfu á hendur stefndu um greiðslu peninga. Í ljósi þess að stefnda er skráð til heimilis erlendis og að um háar fjárhæðir er að tefla átti mat sýslumanns um að láta gerðina ná fram að ganga jafnframt við þau rök að styðjast að ella kynni að draga úr líkunum til að fullnusta kröfunnar tækist eða hún yrði verulega örðugri.
94. Í dómkröfu stefnanda í staðfestingarmálinu er einungis til þess vísað að kyrrsetningin sé til tryggingar dómkröfu máls þessa og að málsókninni sé beint að stefndu og tveimur

öðrum. Eins og að framan er rakið er ekki fallist á skaðabótakröfuna sem aðalkrafa stefnanda lýtur að sem beint var að stefndu in solidum. Af þeim sökum verður kyrrsetningargerð sýslumanns staðfest þannig að fallist er á kyrrsetningu í fasteign stefndu að fjárhæð 61.190.250 krónum að höfuðstól auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar sem endurspeglar niðurstöðu dómsins um greiðsluskyldu stefndu Þórkötlu gagnvart stefnanda.

95. Í samræmi við framanritað verða varakröfur stefnanda teknar til greina eins og nánar greinir í dómsorði í samræmi við kröfur hans að upphafsdögum dráttarvaxtakrafna undanskildum. Stefndu greiða málskostnað stefnanda í samræmi við 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála sem ákveðinn er að álitum miðað við umfang málsins og það að kröfum stefndu um frávísun var hafnað með úrskurði undir rekstri málsins. Stefnandi hefur ekki lagt fram yfirlit yfir vinnustundir lögmanns við rekstur málsins.
96. Af hálfu stefnanda flutti málið Ólafur Eiríksson lögmaður. Af hálfu stefnda Sigurjóns flutti Sigurður Sigurjónsson lögmaður málið. Af hálfu stefndu Þórkötlu Ragnarsdóttur flutti málið Ingólfur Vignir Guðmundsson lögmaður og af hálfu stefnda Ragnars Þórarinssonar Bjarni Hólmar Einarsson lögmaður. Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Sigurjón G. Halldórsson greiði stefnanda, þrotabúi Brotafis ehf., 10.386.744 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 21. janúar 2016 til greiðsludags. Stefnda Þórkötla Ragnarsdóttir greiði stefnanda 61.190.250 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 21. janúar 2016 til greiðsludags. Kyrrsetning í fasteign stefndu X fyrir 61.190.250 krónum auk dráttarvaxta er staðfest. Stefnandi Ragnar Þórarinsson greiði stefnanda 14.230.356 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 29. janúar 2016 til greiðsludags. Stefndu greiði stefnanda sameiginlega 3.000.000 króna í málskostnað.

Björn L. Bergsson